
146

Auglýsing

frá *skráritara vörumerkja í Reykjavík* um skrásetningar þær, sem gjörðar hafa verið árið 1906.




Skrás. 1906 nr. 1. Tilkynnt 3. febrúar 1906 kl. $12{,}_{15}$ síðd. af hlutafjelaginu »*Det danske Petroleums Aktieselskab*« *í Kaupmannahöfn* og skrás. 8. s. m.

Lýsing á merkinu: Á hringmynduðum einkunnarmiða stendur að ofanverðu í boga: *Royal Daylight* og þar fyrir neðan: *Petroleum*. Neðst eru þrjár stjörnur.

Skrás. 1906 nr. 2. Tilkynnt 3. febrúar 1906 kl. $12{,}_{15}$ síðd. af hlutafjelaginu »*Det danske Petroleums-Aktieselskab*« *í Kaupmannahöfn* og skrásett 8. s. m.

Lýsing á merkinu: Á hringmynduðum einkunnarmiða stendur að ofanverðu í boga: *Royal Daylight*, undir því: *Petroleum* og þar fyrir neðan stafirnir: *D. D. P. A.* Neðst eru þrjár stjörnur.



Skrás. 1906 nr. 3. Tilkynnt 31. október 1906 kl. 6_{20} síðd. af *Waldemar Petersen* stórkaupmanni, *Nyvej 16, Kaupmannahöfn* og skrásett 3. nóvember s. á. **146**



Lýsing á merkinu: Aflangt, ferhyrnt merki, er í miðjunni skiptist í reiti af beinum línum. Í miðreitnum, á hrufóttum fleti, stendur Kínverji á tígluðum fleti, og heldur á fullu glasi í hendinni; í tveim ytri reitunum til hvorrar hliðar er kínverskur turn annarsvegar, en kínverskt ker hinsvegar. Ofan til í merkinu er rautt band brugðið, og á það letrað með hvítum bókstöfum: *Kína-lífs-elexir;* þar fyrir neðan eru myndir af verðlaunapeningum, en neðst í merkinu er dökkleit tafla, og á hana letrað með hvítum stöfum: *Búinn til af Valdemari Petersen, Frederikshavn.*

Merkið er áður skrásett í Kaupmannahöfn, samkv. tilkynningu, dags. 24. septbr. 1885, og síðan tvívegis endurnýjað þar.

Samkv. 12. gr. laga 13. nóvbr. 1903 um vörumerki, er nr. **3 1905** *(Thor E. Tulinius, Kaupmannahöfn) afmáð* úr vörumerkjaskránni 3. febrúar þ. á. eptir beiðni tilkynnanda.

Skrifstofu vörumerkjaskráritarans í Reykjavík 31. desbr. 1906. —